

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás hf, Akureyri Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	3.11.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hringrás hf, Akureyri	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Ægisnes 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5106131390	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Árni Gíslason	<b>ÍSAT nr.</b>	38.22.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jóhann Karl Sigurðsson	<b>Staðsetning</b>	540324,643 578806,94

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú eldri frávik voru staðfest í eftirlitinu varðandi hreinan aðskilnað, uppsöfnun brotajárns og niðurstöður mælinga í frárennsli voru yfir mörkum. Ekki hefur verið að fullu unnið skv. úrbótaáætlun og frávik sem tilgreind voru í áformum um áminningu frá 25. ágúst 2015 eru enn útistandandi. Tvö ný frávik voru staðfest í eftirlitinu varðandi magn úrgangs á svæðinu og skil á grænu bókhaldi. Ein athugasemd var gerðar í eftirlitinu varðandi almenna umgengni á svæðinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Einnig var minnt á að rekstraraðili skal boða til samráðsfundar annað hvert ár og er gert ráð fyrir þeim fundi í tengslum við næsta eftirlit.

Gengið var um svæðið og það skoðað.

Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að umgengni hafi verið bætt. Brotajárn sé nú unnið jafn óðum og það berst og pressað. Rusl fari nú jafnt og þétt í Stekkjarvík. 12 gámar hafi farið undanfarinn mánuð og áfram verði sendir 1-2 í viku þar til búið er að koma svæðinu í rétt horf. Frestur var gefinn til 1. apríl sl. til að koma athafnasvæðinu í lag en það hefur ekki gengið eftir.

Mikið hefur bæst við efnið síðan í síðasta eftirliti og er magn þess orðið langt umfram ákvæði starfsleyfis. Mjög þröngt er á svæðinu og aðgengi erfitt. Mjög mikið brotajárn hefur safnast upp og lítið sem ekkert verið flutt af svæðinu. Mjög mikið var af dekkjum, bílum og timbri á svæðinu. Skipulagi á svæðinu var ábótavant og spilliefnageymslan óskipulögð og aðgengi erfitt. Girðingar og hlið er í lagi og er eftirlit haft með stöðinni allan sólarhringinn.

Í áætlun rekstraraðila kemur fram að lokið verði við að setja upp milliveggi milli efnisflokka fyrir 1. júní 2016. Einhverjir milliveggir eru komnir upp en bara brot af því sem ráðgert var í áætluninni. Áætlað var að 360 steinar yrðu steyptr til verksins, eða 90 lengdarmetrar. Þeir steinar sem steyptr höfðu verið voru sendir til annarra nota og því voru ekki nema um 40 tilbúnir steinar á svæðinu. 8 steypumót voru á staðnum en ekki sjáanleg merki þess að verið væri að steypa fleiri steina. Rekstraraðili gat ekki gefið svör um það hvenær hægt væri að ljúka verkinu en veltur það á því hversu hratt hægt er að losa út efni af svæðinu og hvernig vinna við að steypa steinana gengur.

Umhverfismarkmið fyrirtækisins voru sýnileg eftirlitsaðila og neyðaráætlun, verklýsingar og viðbragðsáætlun var að finna í rekstrarhandbók.

Olíuskilja og sandfang hafa ekki verið þjónustuð frá síðasta eftirliti en rekstraraðili ætlar að panta losun á allra næstu dögum. Minnt er á að senda kvittun þess efnis til eftirlitsaðila.

Erfitt var að gera sér grein fyrir merkingum spilliefnalláta þar sem umgengni í spilliefnageymslu var fremur bágborin og skipulag ekki gott.

Skýrslu um grænt bókhald skv. gr. 5.5 í starfsleyfi hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila.

Mælingar skv. gr. 5.2 hafa ekki farið fram fyrir árið 2016, en mæla á fyrir 1. október hvert ár. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru þann 8. desember sl. sýna að olía, svifagnir og COD er allt töluvert yfir mörkum starfsleyfis og mikilvægt að unnið sé að úrbótum hvað það varðar.

Kvartanir hafa borist eftirlitsaðila vegna ryks og smáflísa sem dreifast um nærsvæðið þegar verið er að kurla timbur og vinna í timburhaugnum. Erfitt er um vik í þessum efnum þar sem vindstyrkur og áttir ráða því hvert efnið dreifist. Rekstraraðili ætlar að setja niður hugmyndir að lausnum varðandi þessar kvartanir og senda eftirlitsaðila, en hugsanlega er hægt að úða efnið með vatni fyrir kurlun og dreifist það þá mun minna og rykmagn minnkar.

## Frávik frá

## Lýsing á fráviki

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Skv. sjónmati eftirlitsaðila er umfang úrgangs á svæðinu meira en starfsleyfi kveður á um. Aðgengi er erfitt og úrgangsflokkar liggja saman. Brennsluhólf eru því ekki til staðar og hætta á slæmum bruna er því nokkur.

Gr. 2.11 í starfsleyfi

Hreinn aðskilnaður er ekki fyrir hendi á úrgangshaugum á athafnasvæði rekstraraðila. Samkvæmt ákvæði 2.11 í starfsleyfi skal hreinn aðskilnaður vera milli úrgangsflokka. Í bréfi dagsettu 10. apríl 2015. veitti Umhverfisstofnun rekstraraðila frest til 1. júní 2015 til að koma þessu í rétt horf. Í eftirlitinu var staðfest að úrbótum varðandi þetta frávik er ekki lokið. Þetta frávik hefur nú verið staðfest í eftirliti í fimmta sinn.

Gr. 2.11 í starfsleyfi

Brotajárn sem átti að vera búið að flytja brott er enn á staðnum og brottflutningur gengur hægt. Skv. úrbótaáætlun átti að vera búið að koma athafnasvæðinu í lag fyrir 1. apríl 2016. Þetta ákvæði hefur því ekki verið uppfyllt.

Gr. 5.3 í starfsleyfi

Eftirlitsmælingarnar voru gerðar þann 8. desember 2015 og sýna niðurstöður þeirrar mælingar að olía, svifagnir og COD er allt töluvert yfir mörkum starfsleyfis og mikilvægt að unnið sé að úrbótum hvað það varðar. Ekki er búið að gera mælingar fyrir árið 2016, en þær á að gera fyrir 1. október hvert ár.

Gr. 5.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og skila árlega til Umhverfisstofnunar. Grænu bókhaldi fyrir árið 2015 hefur ekki verið skilað.

## ATHUGASEMDIR

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu varðandi almenna umgengni á svæðinu, uppsöfnun úrgangs upp við skemmu, við bílastæði og fyrir framan aðkeyrslu að svæðinu. Huga þarf betur að skipulagi, hreinsa upp úrgang við hliðið inn á svæðið og úrgangssöfnun á bílastæði er ekki æskileg.

## ANNÆÐ

Rekstraraðili sendir afrit af tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs- og stranda skv. gr. 2.15 í starfsleyfi, Tryggingaupphæð þarf að vera allt að 1 milljón SDR.

María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra var viðstödd eftirlitið.

Reykjavík, 08.12.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Arnadóttir